

**Hagstofa Íslands**  
01 401

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Hagstofa Íslands**  
**kt. 590169-0809**  
**Borgartúni 21a, 150 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hagstofa Íslands er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga um landshagi og þjóðfélagsleg málefni.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 6 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.613,4 milljónir og afkoma kr. -20,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 175,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 450,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hagstofu Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hagstofu Íslands fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Ólafur Hjálmarsson

Forstöðumaður

(Undirritun rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.411.100.000	1.366.500.000
Seld þjónusta .....	3	76.767.810	90.279.997
Vörusala .....	4	38.700	120.174
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	108.535.891	145.913.986
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	16.948.617	12.506.053
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.613.391.018</b>	<b>1.615.320.210</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	1.362.147.177	1.261.916.224
Annar rekstrarkostnaður .....	6	254.692.986	235.417.014
Afskriftir .....	7	16.948.617	12.506.053
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.633.788.780</b>	<b>1.509.839.291</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(20.397.762)</b>	<b>105.480.919</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		16.756	429.381
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(409.271)	(51.816)
		(392.515)	377.565
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(20.790.277)</b>	<b>105.858.484</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	3	(21.090.277)	105.858.484
Rekstrartilfærslur .....		300.000	0
		(20.790.277)	105.858.484

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		64.640.033	55.738.201
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>64.640.033</u>	<u>55.738.201</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		0	8.443.940
Tengdir aðilar .....	9	353.461.531	280.373.441
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	7.123.808	2.038.147
Handbært fé .....	11	24.784.103	98.960.340
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>385.369.442</u>	<u>389.815.868</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>450.009.475</u>	<u>445.554.069</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		175.462.894	196.253.171
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>175.462.894</u>	<u>196.253.171</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	172.596	1.490.808
Viðskiptaskuldir .....		23.853.673	39.064.472
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	190.208.015	157.884.704
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	60.312.297	50.860.914
		<u>274.546.581</u>	<u>249.300.898</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>274.546.581</u>	<u>249.300.898</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>450.009.475</u>	<u>445.554.069</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(20.790.277)	105.858.484
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	16.948.617	12.506.053
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(16.948.617)	(12.506.053)
		<u>(20.790.277)</u>	<u>105.858.484</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur .....		3.358.279	(4.563.979)
Tengdir aðilar .....		(74.406.302)	(57.006.669)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		17.112.512	3.026.271
		<u>(53.935.511)</u>	<u>(58.544.377)</u>
		<u>(74.725.788)</u>	<u>47.314.107</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(25.850.449)	(29.677.287)
		<u>(25.850.449)</u>	<u>(29.677.287)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		26.400.000	24.800.000
		<u>26.400.000</u>	<u>24.800.000</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		(74.176.237)	42.436.820
Handbært fé í byrjun árs .....		98.960.340	56.523.520
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>24.784.103</u>	<u>98.960.340</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## **Skýringar**

### **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### **Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### **Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.411.100.000	1.391.300.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(24.800.000)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	1.411.100.000	1.366.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	16.948.617	12.506.053
	<b>1.428.048.617</b>	<b>1.379.006.053</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	1.390.800.000	300.000	0	1.391.100.000
Fjáraukalög .....	20.000.000	0	0	20.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.410.800.000</b>	<b>300.000</b>	<b>0</b>	<b>1.411.100.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(1.431.890.277)	0	0	(1.431.890.277)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(21.090.277)</b>	<b>300.000</b>	<b>0</b>	<b>(20.790.277)</b>

	2019	2018
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	76.767.810	90.279.997
	<b>76.767.810</b>	<b>90.279.997</b>

### 4 Vörusala

Vörusala I .....	38.700	120.174
	<b>38.700</b>	<b>120.174</b>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	60.100.000	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	16.730.466	122.484.925
Ýmsar tekjur .....	31.705.425	23.429.061
	<b>108.535.891</b>	<b>145.913.986</b>

### 5 Laun og launatengd gjöld

Laun .....	1.088.902.297	1.013.055.241
Orlof, breyting .....	10.897.586	5.233.363
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar .....	3.739.173	1.760.827
Launatengd gjöld .....	244.329.853	230.509.353
Starfsmannakostnaður .....	14.278.268	11.357.440
	<b>1.362.147.177</b>	<b>1.261.916.224</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	119,0	109,1

## Skýringar

	2019	2018
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	3.744.777	3.860.303
Byggingarvörur, almennar .....	0	182.409
Ýmis tæki og áhöld .....	4.051.877	744.107
Orkugjafar .....	4.855.975	4.754.959
Matvæli .....	12.534.373	11.791.428
Almennar rekstrarvörur .....	3.155.573	2.284.551
Vörukaup, almenn	28.342.575	23.617.757
Fundir, námskeið, risna .....	6.949.828	3.761.447
Ferðir, uppihald .....	25.748.402	20.448.273
Akstur .....	999.315	891.351
Sérfræðiþjónusta .....	23.501.393	29.596.347
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	141.099	115.894
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	4.124.284	6.412.903
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	11.287.956	7.967.829
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	72.752.277	69.194.044
Afnotagjöld .....	26.620.901	27.330.433
Leigugjöld .....	91.641.979	88.791.766
Notkun véla og flutningatækja .....	318.719	211.520
Verkkaup .....	23.009.160	21.969.561
Kostnaðarhlutdeild .....	12.003.695	4.301.360
Opinber gjöld .....	3.680	573
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	153.598.134	142.605.213
Annar rekstrarkostnaður samtals	254.692.986	235.417.014
	<b>2019</b>	<b>2018</b>
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	16.948.617	10.911.727
Sölutap og úreltar eignir .....	0	1.594.326
	16.948.617	12.506.053

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	64.640.033	55.738.201
	<u>64.640.033</u>	<u>55.738.201</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2019 .....	102.398.099
Viðbætur á árinu .....	<u>25.850.449</u>
	128.248.548
Afskriftir 1.1.2019 .....	46.659.898
Afskrift ársins .....	<u>16.948.617</u>
	63.608.515
Staða 31.12.2019 .....	<u>64.640.033</u>
	<b>31.12.2019</b>
	<b>31.12.2018</b>

## 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	215.828.261	149.516.103
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	21.994.232	15.218.300
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	115.639.038	115.639.038
	<u>353.461.531</u>	<u>280.373.441</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	172.596	1.490.808
	<u>172.596</u>	<u>1.490.808</u>

## 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	4.452.115	2.038.147
Skattar .....	2.671.693	0
	<u>7.123.808</u>	<u>2.038.147</u>

## 11 Handbært fé

Sjóðir .....	8.000	8.000
Tékkareikningar .....	24.683.233	98.860.727
Sparisjóðsreikningar .....	92.870	91.613
	<u>24.784.103</u>	<u>98.960.340</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 7,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2019	31.12.2018
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	196.253.171	(25.244.351)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar .....	0	115.639.038
Afkoma ársins .....	(20.790.277)	105.858.484
Jöfnuður 31.12. ....	<u>175.462.894</u>	<u>196.253.171</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

	31.12.2019	31.12.2018
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	137.747.677	126.850.091
Ógreidd laun .....	11.475.241	0
Önnur ógreidd gjöld .....	40.985.097	31.034.613
	<u>190.208.015</u>	<u>157.884.704</u>

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	64.640.033	55.738.201
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	(4.327.736)	(4.877.287)
	<u>60.312.297</u>	<u>50.860.914</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	55.738.201	(4.877.287)	50.860.914
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	26.400.000	26.400.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	25.850.449	(25.850.449)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(16.948.617)	0	(16.948.617)
	<u>64.640.033</u>	<u>(4.327.736)</u>	<u>60.312.297</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 18,4 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

## Skýringar

### 15 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi leigusamning vegna húsnæði að Borgartúni 21a til ársloka 2027 og skuldbindandi þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 94,8 milljónum. Árlegar greiðslur vegna þjónustusamninga nema kr. 11 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.